

Málfregnir

vefrit » íslenskan.is

1. tölublað • 23. árgangur • nóvember 2025

Efni

- 2 *Frá Íslenskri málnefnd*
- 3 *Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2025*
- 5 *Viðurkenning Íslenskrar málnefndar 2025*

Málræktarþing 25. september 2025

- 9 *Laga- og reglugerðarákvæði um notkun þjóðtungna og opinberra mála í 15 Evrópulöndum*
Helga G. Bjarnadóttir
- 22 *„Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku“*
Þórunn Anna Árnadóttir
- 24 *Tvær málnefndir: Íslenskt táknmál og stjórnsýslan*
Rannveig Sverrisdóttir
- 27 *Frábær upplifun!*
Bragi Valdimar Skúlason
- 29 *Þegar lamb verður geit*
Magnea J. Matthíasdóttir



Frá Íslenskri málnefnd



Frá málrættarþingi Íslenskrar málnefndar 2025

Þessi útgáfa Málfregna er tileinkuð málrættarþingi Íslenskrar málnefndar sem haldið var í Eddu 25. september 2025. Yfirskrift þingsins var *Íslenska og stjórnsýslan*.

Í upphafi þingsins flutti Logi Einarsson ráðherra ávarp. Að því loknu var kynnt ályktun um stöðu tungunnar 2025 sem birt er í þessari útgáfu Málfregna á bls. 3–5. Samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar er megináhersla ársins 2025 regluverk íslenskunnar og ályktunin endurspeglar þá áherslu.

Á þinginu flutti Helga Guðrún Bjarnadóttir, BA í íslensku, erindi þar sem hún kynnti samantekt sína um laga- og reglugerðarákvæði um notkun þjóðtungna og opinberra mála í fimmtán Evrópulöndum. Helga Guðrún vann þessa samantekt að beiðni Íslenskrar málnefndar. Því næst hélt Þórunn Anna Árnadóttir, forstjóri Neytendastofu, erindið *Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku*. Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknafræði, flutti erindið *Tvær málnefndir: Íslenskt táknafræði og stjórnsýslan*. Að því loknu flutti Bragi Valdimar Skúlason textasmiður erindið *Frábær upplifun!* og að lokum flutti Magnea J. Matthíasdóttir þýðandi erindið *Þegar lamb verður geit*.



Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2025

REGLUVERK ÍSLENSKU

Staða og horfur

Inngangur: lagaleg staða íslensku

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi eins og segir í 1. grein laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011. Um íslenskt tákn mál segir í 3. grein laganna að það sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Önnur tungumál hafa ekki opinbera stöðu hér á landi. Fjallað er um málefni íslenskrar tungu víðar í lögum. Til að mynda er ákvæði um málstefnu í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 eru ákvæði um auglýsingar á íslensku. Ýmsar stofnanir og nefndir eru einnig hluti af regluverki íslensku eins og til að mynda Árnastofnun, Íslensk málnefnd og örnefnanefnd.

Íslenska í stjórnarskrá

Þjóðtunga er ekki tilgreind í stjórnarskrá Íslands. Þjóðtungur eru aftur á móti nefndar í stjórnarskrám ýmissa ríkja. Í frumvarpi til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls (þskj. 870 – 533. mál) sem lagt var fram 2010–2011 var rætt um hvort ástæða væri til að mæla fyrir um stöðu tungunnar sem opinbers máls ríkisins í stjórnarskrá. Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir: „Ákvæði sem lúta að tungumálum er að finna í stjórnarskrám 158 ríkja en einungis í 26 stjórnarskrám er tungumála að engu getið. Í mörgum stjórnarskrám Evrópuríkja er berum orðum mælt fyrir um hvaða tungumál sé opinbert mál ríkisins.“ Nefndin taldi rétt að huga að þessu við endurskoðun stjórnarskrárinnar en það hefur ekki verið gert.

Gildissvið, ábendingar og viðurlög

Í 8. grein laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls stendur: „Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannþjónustu.“ Ekki verður því ráðið af lögnum að þau nái til annarra en opinberra aðila. Í sumum löndum er gildissvið laga um þjóðtungur víðtækara. Í lögum um franska tungu er til að mynda

sagt að þau nái bæði til hins opinbera, viðskipta, atvinnulífs og menntunar og í Litáen þurfa frá 2026 upplýsingar um vörur og þjónustu að vera á litáísku.

Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 hafa viðtækara gildissvið. Í 3. mgr. 6. gr. laganna stendur að auglýsingar sem höfða eigi til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku. Neytendastofa sem fer með eftirlit með lögnum framfylgdi lítt þessu ákvæði fyrir en undirrituð var viljayfirlýsing ráðuneytis og stofnunarinnar 20. nóvember 2023 um að ráðast í átaksverkefni sem miðaði að því að auka vitund fyrirtækja og almennings um íslenskuákvæði laganna. Óskað var eftir ábendingum almennings um brot á lögnum. Frétt var birt á vef Neytendastofu 18. desember 2024 um árangur af þessu átaki þar sem nefnt var að upplýsingar á íslensku hefðu verið kannaðar á 83 veitingastöðum. Af 36 stöðum þar sem matseðill var ekki ýnilegur eða aðeins sýnilegur á ensku höfðu 18 gert breytingar og birt matseðil á íslensku eftir að Neytendastofa fylgdi málinu eftir. Ástæða er til að fagna átaki Neytendastofu.

Eins og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra, sagði í frétt stjórnarráðsins 20. nóvember 2023 um viljayfirlýsinguna þá „þarf að vera ljóst að ákvæði um að auglýsingaefni sem ætlað er íslenskum neytendum skuli vera á íslensku sé ekki í lögnum upp á punt heldur er því ætlað að vera virkt í framkvæmd. Ákvæðið er ekki alveg nógu skýrt að mínu mati í dag. Þar er til dæmis óljóst hvað við er átt með því að auglýsing höfði til íslenskra neytenda. Einnig eru mjög rýrar leiðbeiningar í lögskýringargögnum og tækifæri til úrbóta að þessu leyti.“

Í 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls er fjallað um hlutverk Íslenskrar málnefndar og sagt að hún geti meðal annars „átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi“. Í krafti þessa ákvæðis hefur Málnefndin frá árinu 2011 sent allmörg bréf til stofnana og fyrirtækja og bent á það þegar íslenska stendur höllum fæti í ýmiss konar upplýsingaefni, skiltum o.s.frv. Yfirlit yfir þessi bréf og svör við þeim er á vefsíðu nefndarinnar, <https://islenskan.is/abendingar/>. Oft hefur slíkum erindum lítt eða ekki verið svarað. Ekki er kveðið á um það í lögnum hvað nefndin á til bragðs að taka ef fyrirtæki eða stofnanir bæta ekki ráð sitt. Engin sektarákvæði eru og birting ábendinga á vef nefndarinnar virðist hafa takmarkað forvarnargildi.

Upplýsingar í almannarými

Engin regla virðist vera á því á hvaða tungumálum opinberar upplýsingar eru birtar, meðal annars á skiltum eða í auglýsingum og upplýsingaefni. Sums staðar getur verið nauðsynlegt að hafa upplýsingar á ensku eða öðrum málum samhliða íslensku, til að mynda á alþjóðflugvellingum í Keflavík. Íslensk málnefnd hefur lagt áherslu á að þegar það er gert sé alltaf ljóst að íslenska sé mál landsins en önnur mál tilgreind til skýringar. Kostnaður fylgir þýðingum á önnur mál og skýrar ástæður og rök þarf ætíð fyrir notkun annarra mála en íslensku. Það grefur undan stöðu tungunnar ef enska er alltumlykjandi í mállandslaginu.

Ritreglur

Samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011 á Íslensk málnefnd að semja ritreglur fyrir íslensku. Núverandi reglur eru frá 2016 (stafsetning) og 2018 (greinarmerkjasetning). Um gildissvið ritreglnanna segir í auglýsingum mennta- og menningarmálaráðherra 2016 og 2018 að það beri að fara eftir þeim í skólum og hjá hinu opinbera, þ.e. stofnunum ríkisins, ráðuneytum o.s.frv. Óljóst er hvort reglunum er fylgt hjá hinu opinbera og í skólum og ekkert eftirlit er með því hjá ráðuneyti.

Aðgerðir

Kanna þyrfti hvort aðstæður í samfélaginu kalli meir á það en áður að íslensk tunga verði vernduð í stjórnarskrá.

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls þarfnast endurskoðunar enda hefur staða íslensku breyst frá því að þau tóku gildi árið 2011 vegna örra samfélagsbreytinga og tækniþróunar.

Víkka þarf gildissvið laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011 þannig að hugtakið *þjóðtunga* sé skýrt betur og kveðið frekar á um notkun hennar á ýmsum sviðum. Sum ákvæði um notkun íslenskrar tungu ættu ekki eingöngu að ná til hins opinbera heldur samfélagsins alls.

Brýnt er að setja fram viðmiðunarreglur um birtingu upplýsinga í almannarými sem hið opinbera og sveitarfélög skulu styðjast við að minnsta kosti en æskilegast væri að aðrir hefðu einnig til hliðsjónar. Reglurnar ættu að ná yfir auglýsingar, skilti, upplýsingarefni, vefi, tölvupóst o.s.frv. Í slíkum reglum yrði kveðið á um hvenær þörf væri á að birta upplýsingar á öðru máli en íslensku, um röð tungumála í upplýsingaefni, sýnileika, til að mynda að upplýsingar á íslensku séu með stærra lettri en á öðrum málum og svo framvegis. Íslensk málnefnd gæti samið viðmiðunarreglurnar með aðkomu hagsmunaaðila. Æskilegt væri að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra auglýsti reglurnar þannig að þær fengju opinbert vægi sem stjórnvaldsfyrirmæli.

Gera þarf skýrari 3. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 um að auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku. Eins og fyrrverandi menningarráðherra vakti athygli á og nefnt var hér að framan þarf að skýra ákvæðið þannig að það verði virkt í framkvæmd. Æskilegt er að í tengslum við þetta verði tekið upp formlegt samstarf Íslenskrar málnefndar og Neytendastofu um eftirlit með því að tryggja stöðu íslensku í almannarými. Æskilegt væri að settur yrði upp sameiginlegur vefur nefndarinnar og Neytendastofu sem gæti heitið *Á íslensku*. Þar gæti almenningur komið á framfæri ábendingum um það sem betur mætti fara í notkun íslensku í almannarými. Viðmiðunarreglur um notkun erlendra tungumála á Íslandi ættu einnig heima á slíkum vef og annað tengt efni. Ráða þyrfti verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið.

Íslensk málnefnd leggur til að íslenskusviði Árnastofnunar, þar sem sérfræðiþekking er fyrir hendi, verði falin umsjón og endurnýjun opinberra ritreglna (<https://ritreglur.arnastofnun.is/>). Íslensk málnefnd yrði til ráðgjafar.

Á næstu árum eru þessi verkefni brýnust að mati Íslenskrar málnefndar þegar kemur að því að skýra og einfalda regluverk málsins þannig að það verði skilvirkara en áður:

1. Könnuð verði þörf á að vernda íslenska tungu í stjórnarskrá.
2. Endurskoða þarf lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls (nr. 61/2011) með það í huga að víkka gildissvið laganna.
3. Samdar verði viðmiðunarreglur um notkun erlendra tungumála á Íslandi. Æskilegt væri að Íslensk málnefnd hefði frumkvæði að samningu þeirra, með hliðsjón af endurskoðuðum lögum, og að ráðherra auglýsti þær.
4. Skýra þarf og gera afdráttarlausari 3. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 um að auglýsingar sem höfða eigi til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku.
5. Hefja þarf skipulegt samstarf Íslenskrar málnefndar og Neytendastofu um eftirlit með notkun íslensku

í almannarými. Málnefndin gæti þjónað ráðgefandi hlutverki í slíku samstarfi, sbr. ákvæði 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Komið verði upp sameiginlegum vef fyrir verkefnið (*Á íslensku*) og ráðinn verkefnastjóri.

6. Umsjón og endurskoðun opinberra ritreglna verði falin íslenskusviði Árnastofnunar. Íslensk málnefnd verði til ráðgjafar.

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í lögunum er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og enn fremur að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli þau sjá til þess að hún sé notuð. Eitt af hlutverkum íslenskrar málnefndar er að álykta árlega um stöðu tungunnar.



Viðurkenning



Vefurinn Glatkistan hlaut hina árlegu viðurkenningu Íslenskrar málnefndar sem afhent var á málræktarþingi 25. september.

Í rökstuðningi kemur fram að Íslensk málnefnd hefur um árabil barist fyrir því að alfræðiefni verði komið á netið þannig að nýjar kynslóðir geti sótt sér þekkingu á íslensku á þeim vettvangi sem þær nota mest til að fræðast. Skorað hefur verið á stjórnvöld að veita fjármunum til þess að tryggja framboð slíks efnis á netinu.

Glatkistan er gott dæmi um alfræðirit á netinu (um dægurlagatónlist) sem hefur verið haldið uppi með elju hugsjónamanns og Málnefndin vill viðurkenna frumkvæðið og hvetja stjórnvöld um leið til að styðja og styrkja alfræðirit á netinu.

Hér á myndinni er Helgi Jónsson, umsjónarmanni Glatkistunnar, ásamt Ármanni Jakobssyni, formanni Íslenskrar málnefndar.



Helga G. Bjarnadóttir

Laga- og reglugerðarákvæði um notkun þjóðtungna og opinberra mála í 15 Evrópulöndum

Samantekt unnin fyrir Íslenska málnefnd

Þegar rætt er um hvort setja þurfi tiltekin ákvæði í íslensk lög og reglugerðir til að styrkja stöðu íslensku og styðja við notkun hennar á ákveðnum sviðum er gjarnan horft til þess hvort önnur lönd hafi slík ákvæði í sínum lagabálkum. Hér á eftir fer samantekt á ýmsum laga- og reglugerðarákvæðum sem gilda um stöðu og notkun þjóðtungna og opinberra tungumála innan ákveðinna málaflokka í nokkrum Evrópulöndum.

Þar sem einungis er um stutta samantekt að ræða var verkefnið takmarkað við eftirfarandi 15 lönd: Austurríki, Belgíu, Danmörku, Finnland, Frakkland, Holland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Noreg, Portúgal, Spán, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland. Valin voru lönd sem við miðum okkur gjarnan við og þar sem tungumál og leturgerð reyndust ekki fyrirstaða við upplýsingaöflun. Þau eru flest hluti af Evrópusambandinu (13 af 15) og deila því þeim reglum og tilskipunum sem þar eru settar.¹ Um leið eru þau ólík innbyrðis m.a. hvað varðar þau

tungumál sem þar eru töluð og afstöðu til þeirra. Sjö þessara landa hafa eitt opinbert mál en hin löndin hafa tvö eða fleiri opinber mál sem eru oftast bundin við ákveðin málsvæði sem í sumum tilfellum eru einnig sjálfstjórnarsvæði innan landsins. Þessi fjölbreytileiki endurspeglast m.a. í ákvæðum í lögum og reglugerðum sem taka á einhvern hátt til notkunar tungumála innan gildissviðs þeirra. Flest landanna hafa jafnframt skilgreint tiltekin tungumál sem minnihlutamál og tryggt þeim ákveðna lagalega stöðu en til einföldunar er ekki fjallað sérstaklega um ákvæði varðandi þau hér. Sjá má yfirlit yfir öll löndin og opinber tungumál þeirra í viðauka I.

Af þessum 15 löndum eru átta sem tilgreina þjóðtungu eða opinber tungumál í stjórnarskrá sinni: Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Írland, Portúgal, Spánn og Sviss.² Ákvæðin eru misjafnlega ítarleg og algengast að öðrum lögum sé látið eftir að kveða nánar á um notkun opinberra mála.

1. European Union. „EU countries.“

2. Stjórnarskrár má m.a. finna á vefsíðunni Constitute (<https://www.constituteproject.org/>)

Í sjö löndum hafa verið sett sérstök lög um tungumál landsins. Fjögur þeirra hafa einnig ákvæði um opinber mál í stjórnarskrá (Finnland, Frakkland, Írland og Sviss) en þrjú hafa ekki slík ákvæði þar (Lúxemborg, Noregur og Svíþjóð). Þessi lög eru misjafnlega ítarleg en eiga flest það sameiginlegt að skilgreina þjóðtungur og/eða opinber mál, fjalla um skyldur stjórnvalda gagnvart þeim og hvar sé skylt að nota þau. Í öllum tilfellum gilda lögin um alla opinbera aðila sem ber að nota hin opinberu tungumál skv. nánari ákvæðum þar um. Lögin ná hins vegar einungis að takmörkuðu leyti yfir einkaaðila. Í þessu sambandi sker Frakkland sig úr. Þar eru í gildi svokölluð Toubon-lög sem ná yfir öll svið þjóðfélagsins og skv. þeim ber að nota frönsku í allri menntun, vinnu, viðskiptum og af opinberum aðilum, fyrst og fremst til að tryggja jafnræði þegna og jafnt aðgengi að upplýsingum í samfélaginu, en ekki til að standa vörð um tungumálið sem slíkt.³ Vegna þess hve víðtæk ákvæðin eru geta þau í sumum tilfellum stangast á við almenn réttindi og ákvæði annarra laga (t.d. um tjáningar- og viðskiptafrelsi) sem getur haft takmarkandi áhrif á gildissvið þeirra.

Þau fjögur lönd sem hvorki hafa ákvæði um þjóðtungur eða opinber mál í stjórnarskrá né í sérstökum lögum um tungumál landsins eru Danmörk, Holland, Ítalía og Þýskaland. Í þessum löndum er ákvæði um hver séu opinber mál þeirra eða hvaða mál beri að nota innan ákveðins sviðs að finna í öðrum sérlögum, t.d. um dómstóla og opinbera aðila.

Áður en lengra er haldið er rétt að fjalla aðeins um hugtökin þjóðtungu og opinbert mál í því samhengi sem hér er til skoðunar. Almenn skilgreining á þessum hugtökum er sú að *þjóðtungu* er það mál sem er móðurmál þorra landsmanna og *opinbert mál* er það mál sem er notað í opinberri stjórnarsýslu skv. lögum. Þjóðtungu getur því verið opinbert mál en opinbert mál þarf ekki að vera þjóðtungu. Í þeim löndum sem hér eru til skoðunar eru þjóðtungur

í raun jafnframt opinber mál, þ.e. notuð í allri opinberri stjórnarsýslu, annaðhvort eingöngu eða samhliða öðru opinberu máli. Til einföldunar verður því einungis talað um „opinber mál“ í þessari samantekt, hvort sem um er að ræða þjóðtungu eða opinbert tungumál skv. ofangreindri skilgreiningu.

Eins og áður segir eru 13 af þessum 15 löndum í Evrópusambandinu (ESB) og reglugerðir og tilskipanir ESB hafa því bein áhrif á lög og reglugerðir þeirra.⁴ Aðildarlönd hafa þó ákveðið svigrúm þegar kemur að innleiðingu tilskipana og geta aðlagð landslög og reglugerðir upp að vissu marki. Þetta á t.d. við um ákvæði sem taka til notkunar tungumála og sem einkum eru sett í tvenns konar tilgangi, annars vegar til að tryggja réttindi og öryggi neytenda og þjónustuþega og hins vegar til að tryggja réttindi einstaklinga, bæði í samskiptum við hið opinbera og vinnuveitendur. Noregur og Sviss sem standa utan ESB eru bæði í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA)⁵ auk þess sem Noregur er einnig aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Öll þessi 15 lönd eru því tengd sterkum böndum og reglugerðir og tilskipanir ESB hafa óhjákvæmilega áhrif á lög og reglugerðir í þeim öllum á einhvern hátt.

Þess má geta að ESB hefur skýra stefnu varðandi stöðu tungumála innan sambandsins. Það gefur augaleið að samband með 27 þátttökulöndum býr yfir mikilli fjölbreytni þegar kemur að menningu og tungumálum enda hafa 24 tungumál stöðu opinberra mála innan ESB.⁶ Lögð er áhersla á að öll sambandsríki geti átt í samskiptum við stofnanir ESB á hverju þessara opinberu mála sem er og að standa vörð um tungumálafjölbreytni Evrópu. Íbúar ESB-landa eru jafnframt hvattir til að læra fleiri tungumál en móðurmál sitt enda er tungumálakunnátta mikilvæg til að geta nýtt þau tækifæri sem þjóðast bæði hvað varðar menntun og vinnu innan ESB.⁷

Við upplýsingasöfnun fyrir þetta verkefni var byrjað á að skoða gagnasafn *European Language Monitor* (ELM) á vegum European Federation of

3. Ministère de la culture. „Langue française et langues de France.“

4. European Commission. „Implementing EU law.“

5. European Free Trade Association. „The European Free Trade Association.“

6. European Union. „Languages.“

7. European Commission. „About multilingualism policy.“

National Institutions for Language (EFNIL) sem Ísland er aðili að.⁸ Gagnasafnið reyndist góður grunnur þar sem þar er að finna upplýsingar um ýmis laga- og reglugerðarákvæði varðandi notkun tungumála á ýmsum sviðum í þáttökulöndunum. Frekari leit var í framhaldi gerði í opinberum lagasöfnum og á heimasíðum ýmissa opinberra stofnana í þeim löndum sem voru til skoðunar.

Þau svið sem voru athuguð sérstaklega í þessu verkefni eru eftirfarandi:

- Ákvæði um notkun tungumála hjá dómstólum og opinberum aðilum.
- Ákvæði um notkun opinberra mála sem kennslutungumála í skólum á öllum skólastigum.
- Ákvæði um notkun opinberra mála í almannarýmum, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Einnig ákvæði um notkun tungumála í markaðssetningu og auglýsingum.
- Ákvæði um tungumál í viðskiptum, s.s. tungumál skylduupplýsinga við vörukaup og á umbúðum.
- Ákvæði um notkun tungumála í vinnuumhverfi og í samskiptum við viðskiptavinum, t.d. í verslunum, innan heilbrigðisgeirans og í almenningssamgöngum.
- Ákvæði um notkun opinberra mála í fjölmiðlum.

Dómstólar og opinberir aðilar

Öll löndin sem voru skoðuð hafa einhver ákvæði um hvaða tungumál skuli nota við dómstóla og hjá opinberum aðilum, ýmist í sérstökum lögum þar um (t.d. Belgía og Þýskaland) eða samkvæmt ákvæðum í lögum um tungumál landsins (t.d. Finnland og Svíþjóð). Í öllum tilfellum ber að nota eitt eða fleiri hinna opinberu mála landsins en þar sem þau eru fleiri en eitt eru gjarnan sett nánari ákvæði um notkun þeirra.

Lög um dómstóla kveða undantekningalítið á um það eða þau tungumál sem skal eða má nota

hjá dómstólum og hafa jafnan skýr ákvæði um undantekningartilvik, t.d. hvað varðar túlkun, notkun á minnihlutamálum eða öðrum tungumálum. Hvað aðra stjórnsýslu varðar eru ýmist í gildi ákveðin lög um stjórnsýslu sem nær þá yfir allar opinberar stofnanir á vegum ríkis, sveitarfélaga og sjálfstjórnarhéraða sé um slíkt að ræða, eða um er að ræða nokkur aðskilin lög og reglugerðir sem ná yfir ákveðnar stofnanir eða stjórnsýslueiningar. Meginreglan er sú að opinberir aðilar skuli nota opinber tungumál landsins í samskiptum við borgara sem og í allri upplýsingagjöf.

Þar sem opinber tungumál eru fleiri en eitt vandast málið og misjafnt er á milli landa hvernig það er leyst. Algengast er að ríkisstofnanir þurfi að gera öllum opinberum málum jafnt undir höfði, bæði sem samskiptamálum við stofnanir og í allri upplýsingagjöf. Þar sem mikil svæðisskipting er á notkun tungumála innan landsins eru gjarnan sett ákvæði sem heimila stjórnvöldum skv. nánari ákvæðum að nota eitt hinna opinberu mála sem aðalmál á hverju landsvæði fyrir sig (t.d. í Finnlandi og Belgíu). Þetta er algengara á sveitarstjórnarstigi en er þó einnig gert hjá ríkisstofnunum, sérstaklega þar sem um sjálfstjórnarhéruð er að ræða (t.d. á Spáni). Oftast þurfa opinberir aðilar þó að tryggja að borgarar geti einnig notað önnur opinber mál landsins í samskiptum við þá ef þeir vilja.

Kennslutungumál í skólum

Flest þeirra landa sem voru skoðuð hafa ákvæði í lögum eða reglugerðum um kennslutungumál á yngstu skólastigunum, þ.e. fyrir börn í daggæslu, leikskólum og grunnskólum (11 lönd) sem og í framhaldsskólum (10 lönd). Átta lönd hafa skýr ákvæði um kennslutungumál í sérlögum eða reglugerðum sem gilda um ákveðin skólastig⁹ og í sumum þeirra er það einnig tilgreint í tungumálalögum. Í Frakklandi, Sviss og Svíþjóð eru ekki skýr ákvæði í skólalögum um kennslutungumál en þar ná ákvæði tungumálalaga yfir skólustarf. Fjögur lönd hafa einungis óbein ákvæði í sínu

8. Nánari upplýsingar um EFNIL og ELM gagnagrunninn má finna á <https://efnil.org/>

9. Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Holland, Lúxemborg, Noregur og Portúgal.

regluverki um kennslutungumál á yngri skólastigum, þ.e. Írland, Ítalía, Spánn og Þýskaland. Þar eru kennslutungumál ekki tilgreind sérstaklega en hins vegar geta t.d. verið til staðar ákvæði varðandi kröfur um tungumálakunnáttu kennara.

Í löndum með aðeins eitt opinbert mál er það tilgreint sem kennslutungumál en þau lönd sem hafa fleiri opinber tungumál hafa jafnan sett nánari ákvæði um kennslutungumál sem taka oft mið af skiptingu málsvæða og er ætlað að tryggja jafna stöðu þeirra. Lúxemborg hefur sérstöðu hvað þetta varðar því þar eru kennslutungumál mismunandi á milli skólastiga, þjóðtungan lúxemborgska á yngsta stigi (3–5 ára), þá taka opinberu málin tvö við, fyrst þýska og frá 15 ára aldri verður franska yfirleitt aðalkennslutungumálið.¹⁰ Þannig verður kunnáttu barna í þjóðtungan og hinum tveimur opinberu tungumálum landsins ekki svæðisskipt út frá móðurmáli heldur læra börn öll tungumálin óháð móðurmáli sínu.

Þegar kemur að háskólum eru aðeins fimm lönd með skýr ákvæði í lögum um kennslutungumál, þ.e. Belgía, Finnland, Frakkland, Holland og Noregur. Þar á almennt að kenna á opinberum málum þessara landa í háskólum en gera má undantekningar frá því skv. nánari skilyrðum. Á Spáni og Írlandi eru kennslutungumál ekki tilgreind í háskólalögum en á Spáni eiga háskólar að stuðla að og greiða fyrir þekkingu og notkun á opinberum málum og á Írlandi eiga háskólar að styðja við og nota írsku skv. nánari ákvæðum. Í Austurríki, Lúxemborg og Portúgal eru ekki bein ákvæði um kennslutungumál háskóla í lögum en þar gefa ákvæði um kröfu um tungumálakunnáttu væntanlegra nemenda til kynna hver kennslutungumálin eru. Í öllum tilvikum eru það opinber tungumál landanna. Önnur lönd hafa ekki sett ákvæði um kennslutungumál í lög eða reglugerðir en í einhverjum tilfellum setja skólarnir sjálfir slíkar reglur.

Notkun opinberra mála í almannarými

Sú skylda opinberra aðila að nota opinber tungumál landsins í sínum störfum nær almennt einnig yfir alla upplýsingagjöf í almannarými, s.s. merkingar, upplýsingaskilti, og auglýsingar. Ákvæði um þetta eru misskýrt orðuð og oft er ítarlegri ákvæði að finna í sérlögum eða reglugerðum, t.d. hvað varðar vegmerkingar. Þau lönd þar sem opinberu málin eru fleiri en eitt hafa yfirleitt sett nánari ákvæði um notkun þeirra að þessu leyti. Í sumum tilfellum ber að hafa allar merkingar á einu tilteknu opinberu máli um leið og heimilt er nota önnur opinber mál samhliða (t.d. í Hollandi). Í öðrum tilvikum er heimilt að velja aðeins eitt hinna opinberu mála skv. nánari ákvæðum þar um, einkum þar sem mörk málsvæða eru skýr (t.d. í Belgíu og Finnlandi). Sum lönd eru jafnframt með skýr ákvæði sem heimila að í vissum tilfellum séu notuð önnur tungumál til viðbótar þeim opinberu, í Belgíu er slíkt t.d. leyfilegt á vinsælum ferðamannastöðum.

Þegar kemur að merkingum á vegum einkaaðila horfir málið öðruvísi við. Fæst lönd virðast hafa skýr ákvæði um notkun tungumála á vegum einkaaðila í samskiptum við sína viðskiptavini almennt, þ.m.t. hvað varðar merkingar í almannarými. Dæmi um undantekningar frá þessu eru Frakkland og Katalónía á Spáni. Í Frakklandi eiga allar merkingar í almannarýmum að vera á frönsku skv. ákvæðum Toubon-laganna¹¹ og í Katalóníu eiga öll skilti og almennar upplýsingar ætlaðar neytendum að vera á katalónsku.¹² Í öðrum löndum eru það helst lög um markaðssetningu og auglýsingar sem gætu náð yfir einhvers konar merkingar hjá einkaaðilum, falli þær undir gildissvið laganna.

Öðru máli gegnir um réttindi neytenda til ákveðinna grundvallarupplýsinga við vörukaup og upplýsinga sem varða öryggi þeirra. Nokkrar ESB tilskipanir og reglugerðir fjalla um neytendavernd á einhvern hátt og þar eru gjarnan sett ákvæði um tungumál eða í það minnsta um skýrleika

10. Le Gouvernement du Grand-Duché de Luxembourg. „Languages at school.“

11. Ministère de la culture. „Langue française et langues de France.“

12. Generalitat de Catalunya. „¿Qué dice la ley?“

upplýsinga.¹³ Flest lönd hafa við innleiðingu þeirra sett skýr ákvæði í sín lög og reglugerðir sem taka beint á þessu, t.d. hvað varðar leyfileg tungumál sölusamninga og ábyrgðarskilmála við kaup á vörum sem og skylduupplýsinga, t.d. innihaldslýsinga og öryggisleiðbeininga. Öll löndin hafa t.a.m. skýr ákvæði um að nota skuli opinber tungumál við skyldumerkingar matvæla eða í tilfelli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar skyld mál sem ætla má að neytendur geti skilið (þ.e. dönsku/norsku/sænsku).

Notkun tungumála í vinnuumhverfi og í samskiptum við viðskiptavini

Almennt séð er í þeim löndum sem hér voru skoðuð ekki mælt fyrir um notkun ákveðinna tungumála í vinnuumhverfi að öðru leyti en hvað varðar ákvæði sem tryggja réttindi starfsmanna á einhvern hátt. Þetta á t.d. við um rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um réttindi, skyldur og öryggismál á tungumáli sem þeir skilja, sem þarf þá ekki að vera opinbert mál. Í Frakklandi þar sem Toubon-lögin hafa afar víðtækt gildissvið ná ákvæði þeirra t.d. ekki yfir tungumál á vinnustað að öðru leyti en hvað þessi atriði varðar.

Varðandi samskipti á milli starfsmanna einkafyrirtækja og viðskiptavina fundust einnig fá skýr ákvæði. Í einhverjum tilfellum eru til staðar almenn ákvæði um rétt íbúa til að nota opinber tungumál á öllum sviðum samfélagsins sem gætu mögulega náð yfir slíkt. Eina dæmið sem fannst um skýrt ákvæði hvað þetta varðar er í Katalóníu á Spáni þar sem viðskiptavinir eiga að geta notað opinber tungumál héraðsins (kastilísku og katalónsku) í samskiptum við öll fyrirtæki sem eru opin almenningi.¹⁴

Þegar kemur að þjónustu þar sem skýr samskipti geta varðað öryggi viðskiptavinar eða þjónustuþega verða ákvæði um tungumál mun skýrari. Sem dæmi má nefna sérfræðistörf á sviði heilbrigðisþjónustu þar sem í öllum löndum eru gerðar ákveðnar kröfur

um kunnáttu í opinberu máli til að fá starfsleyfi á viðkomandi sviði. Kröfurnar geta verið mismunandi eftir því hvaða starf er um að ræða og þar sem opinber tungumál eru fleiri en eitt eru sett nánari ákvæði hvað það varðar. Svipuð ákvæði geta gilt um önnur störf sem krefjast starfsréttinda og falla undir ESB tilskipun 2005/36 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Hvað almenningssamgöngur varðar er Danmörk eina landið með skýr ákvæði um lágmarks kunnáttu ökumanna í opinberu máli. Önnur lönd hafa ekki bein ákvæði í lögum eða reglugerðum en þar þurfa ökumenn yfirleitt að hafa svokallað „Certificate of Professional Competence“ (CPC, tilgreint með tákntölu 95 á ökuskírteini) til að mega aka almenningssvögnum. Eitt af því sem þarf að sýna fram á til að fá slíkt skírteini er hæfni til að eiga í samskiptum við farþega.¹⁵ Þetta ákvæði er frekar óskýrt en í flestum löndum þýðir það í raun að krafist er lágmarkskunnáttu í opinberu máli. Þegar kemur að leigubílaakstri verða ákvæði um tungumálakunnáttu talsvert skýrari. Í átta löndum¹⁶ eru til staðar bein ákvæði um kunnáttu í opinberu máli til að fá leyfi til að aka leigubíl sem gilda ýmist á landsvísu eða svæðisbundið.

Notkun tungumála í fjölmiðlum

Skv. ákvæðum í ESB tilskipun 2010/13 um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu hafa aðildarlönd heimild til að setja nánari ákvæði í sín eigin fjölmiðlalög um ýmis atriði hennar, m.a. hvað varðar notkun tungumála. Flest aðildarlönd nýta sér þetta ákvæði (10 af 13), ýmist með því að setja ríkisreklam fjölmiðlum þrengri skilyrði þegar kemur að hlutdeild opinberra mála í dagskrárgerð eða með ákvæðum sem ná einnig til einkarekinna fjölmiðla. Í sumum löndum eru ákvæðin á þá leið að leggja skuli áherslu á opinber mál sem og menningu landsins og þá jafnvel sett einhver skýr viðmiðunarmörk um hlutfall slíks efnis. Í öðrum löndum snúast slík ákvæði frekar

13. T.d. tilskipun 2005/29/ESB um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum, tilskipun 2011/83/ESB um réttindi neytenda og reglugerð (ESB) 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

14. Generalitat de Catalunya. „¿Qué dice la ley?“

15. ESB tilskipun 2022/2561, liður 1.6 í viðauka I.

16. Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Lúxemborg, Portúgal, Spánn, Sviss.

um jafnræði á milli opinberra mála í dagskrárgerð. Þau lönd sem hafa ekki nýtt sér þessa heimild eru Austurríki, Lúxemborg og Þýskaland. Í Sviss eiga opinberir aðilar að bjóða upp á dagskrá á öllum opinberum málum en í Noregi eru engin bein ákvæði

um norsku í fjölmiðlalögum. Ríkisfjölmiðlar Noregs starfa hins vegar eftir sérstökum reglum (NRK-Plakaten) þar sem mjög skýr ákvæði eru um notkun norsku.

Heimildaskrá

European Commission. „About multilingualism policy.“ Síðast uppfært 20. júní 2025. <https://education.ec.europa.eu/focus-topics/improving-quality/multilingualism/about-multilingualism-policy>

European Commission. „Implementing EU law.“ Sótt 23. júlí 2025. https://commission.europa.eu/law/application-eu-law/implementing-eu-law_en

European Free Trade Association. „About Efta: The European Free Trade Association.“ Sótt 24. júlí 2025. <https://www.efta.int/about-efta/european-free-trade-association>

European Union. „EU countries.“ Sótt 23. júlí 2025. https://european-union.europa.eu/principles-countries-history/eu-countries_en

European Union. „Languages.“ Sótt 22. júlí 2025. <https://european-union.europa.eu/>

[principles-countries-history/languages_en](https://european-union.europa.eu/principles-countries-history/languages_en)

Generalitat de Catalunya. „¿Qué dice la ley?“ Síðast uppfært 20. nóvember 2019. https://llengua.gencat.cat/es/serveis/empresa_/marc-legal/que-diu-llei/

Le Gouvernement du Grand-Duché de Luxembourg. „Languages at school.“ Síðast uppfært 11. ágúst 2025. <https://luxembourg.public.lu/en/living/education/languages-school-education.html>

Ministère de la culture. „Langue française et langues de France.“ Sótt 3. júní 2025. <https://www.culture.gouv.fr/fr/thematiques/langue-francaise-et-langues-de-france/agir-pour-les-langues/garantir-l-emploi-du-francais>



Viðauki I

| Land | Þjóðtunga/ opinber tungumál | Þjóðt./op. mál tilgreint í stjórnarskrá | Lög um þjóðt./op.mál | Ber að nota op. mál hjá dómst. + hinu opinbera í dagvist/leikskólum | í grunnskólum | í framhaldsskólum | í háskólum | í merkingum op. aðila | í merkingum einkaaðila | í skyldumerk. matvæla | í auglýsingum | í markaðssetningu | til að fá starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu | til að mega aka alm. vagni | til að mega aka leigubíl | Ákv. um notkun opinberra mála í fjölmiðlum | Ákv. um tungumál í vinnuumhverfi | |
|----------------|---|--|----------------------|---|---------------|-------------------|------------|-----------------------|------------------------|-----------------------|---------------|-------------------|---|----------------------------|--------------------------|---|-------------------------------------|---|
| Austurríki | þýska | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | |
| Belgía | hollenska, franska, þýska | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | |
| Danmörk | danska | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | |
| Finnland | finnska, sænska | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 ¹ | 0 | 1 | 1 | 0 | |
| Frakkland | franska | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | |
| Holland | hollenska, (frísneska, papiamentó enska) ² | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | |
| Írland | írski, enska | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | |
| Ítalía | ítalska | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | |
| Noregur | norska (bókmal, nýnorska) | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | |
| Lúxemborg | lúxemborgska, franska, þýska | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | |
| Portúgal | portúgalska | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | |
| Spánn | kastilíska, (katalónska, baskneska, galíska) ³ | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 ⁴ | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | |
| Sviss | þýska, franska, ítalska, retórómanska | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | |
| Svíþjóð | sænska | 0 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 ⁵ | 0 | 0 | 1 | 0 | |
| Þýskaland | þýska | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Samtals | | 8 | 7 | 15 | 11 | 11 | 10 | 5 | 13 | 2 | 15 | 4 | 4 | 15 | 1 ⁶ | 8 | 11 | 3 |

1. Má vera danska eða norska í stað sænsku.

2. Opinber mál á ákveðnum svæðum.

3. Opinber mál á ákveðnum svæðum.

4. Í Katalóníu.

5. Má vera danska eða norska í stað sænsku.

6. Ekki bein ákvæði í lögum eða reglugerðum nema í einu landi en CPC-skírteinis er krafist í flestum löndum.

Viðauki II

Þau lög, reglugerðir og tilskipanir sem stuðst er við í ofangreindri samantekt.

ESB tilskipanir

Lagasafn: <https://eur-lex.europa.eu/homepage.html?lang=en>

Directive 2005/29/EC of the European Parliament and of the Council of 11 May 2005 concerning unfair business-to-consumer commercial practices in the internal market and amending Council Directive 84/450/EEC, Directives 97/7/EC, 98/27/EC and 2002/65/EC of the European Parliament and of the Council and Regulation (EC) No 2006/2004 of the European Parliament and of the Council (Unfair Commercial Practices Directive)

Directive 2005/36/EC of the European Parliament and of the Council of 7 September 2005 on the recognition of professional qualifications

Directive 2010/13/EU of the European Parliament and of the Council of 10 March 2010 on the coordination of certain provisions laid down by law, regulation or administrative action in Member States concerning the provision of

audiovisual media services (Audiovisual Media Services Directive)

Directive 2011/83/EU of the European Parliament and of the Council of 25 October 2011 on consumer rights, amending Council Directive 93/13/EEC and Directive 1999/44/EC of the European Parliament and of the Council and repealing Council Directive 85/577/EEC and Directive 97/7/EC of the European Parliament and of the Council

Regulation (EU) No 1169/2011 of the European Parliament and of the Council of 25 October 2011 on the provision of food information to consumers

Directive (EU) 2022/2561 of the European Parliament and of the Council of 14 December 2022 on the initial qualification and periodic training of drivers of certain road vehicles for the carriage of goods or passengers

Austurríki

Lagasafn: <https://www.ris.bka.gv.at/default.aspx>

Bundesgesetz über die Ordnung von Unterricht und Erziehung in den im Schulorganisationsgesetz geregelten Schulen (Schulunterrichtsgesetz – SchUG). StF: BGBl. Nr. 472/1986 (WV)

Bundesgesetz über die Organisation der Universitäten und ihre Studien (Universitätsgesetz 2002 – UG).

StF: BGBl. I Nr. 120/2002

Bundesgesetz über Sicherheitsanforderungen und weitere Anforderungen an Lebensmittel, Gebrauchsgegenstände und kosmetische Mittel zum Schutz der Verbraucherinnen und Verbraucher (Lebensmittelsicherheits- und Verbraucherschutzgesetz – LMSVG). StF: BGBl.

I Nr. 13/2006

Bundesgesetz über Sicherheit und Gesundheitsschutz bei der Arbeit (ArbeitnehmerInnenschutzgesetz – ASchG). StF: BGBl. Nr. 450/1994

Bundesgesetz über die Registrierung von Gesundheitsberufen (Gesundheitsberuferegister-Gesetz – GBRG). StF: BGBl. I Nr. 87/2016

Verordnung des Bundesministers für öffentliche Wirtschaft und Verkehr, mit der

gewerbepolizeiliche Regelungen für die nichtlinienmäßige Beförderung von Personen mit Fahrzeugen des Straßenverkehrs getroffen werden (Betriebsordnung für den nichtlinienmäßigen Personenverkehr – BO 1994). StF: BGBl. Nr. 951/1993

- o Bundesgesetz über den Österreichischen Rundfunk (ORF-Gesetz, ORF-G). StF: BGBl. Nr. 379/1984

Belgía

Lagasafn: <https://justice.belgium.be/fr>

- o 18 JULI 1966. - Wetten op het gebruik van de talen in bestuurszaken.
- o 30 JULI 1963. - Wet houdende taalregeling in het onderwijs.
- o Gecodificeerd Decreet betreffende het hoger onderwijs (flæmska málsvæðið)
- o 24 JANUARI 1977. - Wet betreffende de bescherming van de gezondheid van de gebruikers op het stuk van de voedingsmiddelen en andere produkten.
- o 22 APRIL 2019. - Wet inzake de kwaliteitsvolle praktijkvoering in de gezondheidszorg
- o 4 MEI 2007. - [Koninklijk besluit betreffende het

rijbewijs, de vakbekwaamheid en de nascholing van bestuurders van voertuigen van de categorieën C1, C1+E, C, C+E, D1, D1+E, D, D+E]

- o Ministerieel besluit tot wijziging van de bijlage bij het besluit van de Vlaamse Regering van 25 april 2014 tot erkenning van de beroepskwalificatie taxichauffeur (flæmska málsvæðið)
- o 9 JUNI 2022. - Ordonnance relative aux services de taxis (málsvæði Brussel)
- o Decreet betreffende radio-omroep en televisie (flæmska málsvæðið)

Danmörk

Lagasafn: <https://www.retsinformation.dk/>

- LBK nr 1160 af 05/11/2024 Bekendtgørelse af lov om rettens pleje
- LBK nr 988 af 27/08/2024 Bekendtgørelse af lov om dag-, fritids- og klubtilbud m.v. til børn og unge
- LBK nr 1245 af 28/11/2024 Bekendtgørelse af lov om friskoler og private grundskoler m.v.
- BEK nr 497 af 18/05/2017 Bekendtgørelse om de gymnasiale uddannelser
- LBK nr 391 af 10/04/2024 Bekendtgørelse af lov om universiteter
- LBK nr 1420 af 02/12/2024 Bekendtgørelse af lov om

markedsføring

- BEK nr 1355 af 27/11/2015 Bekendtgørelse om mærkning m.v. af fødevarer
- LBK nr 275 af 12/03/2025 Bekendtgørelse af sundhedsloven
- BEK nr 87 af 30/01/2025 Bekendtgørelse om erhvervsuddannelsen til buschauffør
- BEK nr 1244 af 26/11/2019 Bekendtgørelse om taxikørsel
- LBK nr 1350 af 04/09/2020 Bekendtgørelse af lov om radio- og fjernsynsvirksomhed m.v.

Finnland

Lagasafn: <https://www.finlex.fi/en>

Språklag 423/2003

Lag om småbarnspedagogik 540/2018

Lag om ändring av lagen om grundläggande utbildning
1288/1999

Förordning om grundläggande utbildning 852/1998

Universitetslag 558/2009

Konsumentskyddslag 38/1978

Jord- och skogsbruksministeriets förordning om
tillhandahållande av livsmedelsinformation till
konsumenterna 834/2014

Lag om yrkesutbildade personer inom hälso- och
sjukvården 559/1994

Lag om transportservice 320/2017

Lag om Rundradion Ab 1380/1993

Frakkland

Lagasafn: <https://www.legifrance.gouv.fr/>

Loi n° 94-665 du 4 août 1994 relative à l'emploi de la
langue française

Code de l'éducation

Code de la santé publique

Code des transports

Holland

Lagasafn: <https://wetten.overheid.nl/zoeken>

Wet kinderopvang

Regeling Wet kinderopvang

Wet op het primair onderwijs

Wet educatie en beroepsonderwijs

Wet op het hoger onderwijs en wetenschappelijk
onderzoek

Warenwetbesluit informatie levensmiddelen

Reglement taalvaardigheid en taalcertificaten CBGV

Mediawet 2008

Írland

Lagasafn: <https://www.irishstatutebook.ie/>

Official Languages Act 2003

Official Languages (Amendment) Act 2021

Education Act, 1998

Higher Education Authority Act 2022

S.I. No. 556/2014 - European Union (Provision of Food
Information to Consumers) Regulations 2014

S.I. No. 8/2017 - European Union (Recognition of
Professional Qualifications) Regulations 2017

Health and Social Care Professionals Act 2005

Public Transport Regulation Act 2009

Taxi Regulation Act 2013

Broadcasting Act 20090

Ítalía

Lagasafn: <https://www.normattiva.it/>

LEGGE 15 dicembre 1999, n. 482, Norme in materia di tutela delle minoranze linguistiche storiche

REGIO DECRETO 28 ottobre 1940, n. 1443, Codice di procedura civile

LEGGE 7 agosto 1990, n. 241, Nuove norme in materia di procedimento amministrativo e di diritto di accesso ai documenti amministrativi

LEGGE 28 marzo 2003, n. 53, Delega al Governo per la definizione delle norme generali sull'istruzione e dei livelli essenziali delle prestazioni in materia di istruzione e formazione professionale

DECRETO LEGISLATIVO 30 aprile 1992, n. 285, Nuovo codice della strada

DECRETO LEGISLATIVO 6 settembre 2005, n. 206, Codice del consumo, a norma dell'articolo 7 della legge 29 luglio 2003, n. 229

DECRETO LEGISLATIVO 9 novembre 2007, n. 206, Attuazione della direttiva 2005/36/CE relativa al riconoscimento delle qualifiche professionali, nonché della direttiva 2006/100/CE che adegua determinate direttive sulla libera circolazione delle persone a seguito dell'adesione di Bulgaria e Romania

DECRETO LEGISLATIVO 15 dicembre 2017, n. 231, Disciplina sanzionatoria per la violazione delle disposizioni del regolamento (UE) n. 1169/2011, relativo alla fornitura di informazioni sugli alimenti ai consumatori e l'adeguamento della normativa nazionale alle disposizioni del medesimo regolamento (UE) n. 1169/2011 e della direttiva 2011/91/UE, ai sensi dell'articolo 5 della legge 12 agosto 2016, n. 170 «Legge di delegazione europea 2015»

LEGGE 15 gennaio 1992, n. 21, Legge quadro per il trasporto di persone mediante autoservizi pubblici non di linea

DECRETO LEGISLATIVO 8 novembre 2021, n. 208, Attuazione della direttiva (UE) 2018/1808 del Parlamento europeo e del Consiglio, del 14 novembre 2018, recante modifica della direttiva 2010/13/UE, relativa al coordinamento di determinate disposizioni legislative, regolamentari e amministrative degli Stati membri, concernente il testo unico per la fornitura di servizi di media audiovisivi in considerazione dell'evoluzione delle realtà del mercato

Noregur

Lagasafn: <https://lovdata.no/>

LOV-2021-05-21-42 Lov om språk (språklova)

LOV-1915-08-13-5 Lov om domstolene (domstolloven)

LOV-2005-06-17-64 Lov om barnehager (barnehageloven)

LOV-2023-06-09-30 Lov om grunnskoleopplæringa og den vidaregåande opplæringa (opplæringslova)

LOV-2024-03-08-9 Lov om universiteter og høyskoler (universitets- og høyskoleloven)

FOR-2014-11-28-1497 Forskrift om matinformasjon til forbrukerne (matinformasjonsforskriften)

LOV-2017-06-16-69 Lov om godkjenning av

yrkeskvalifikasjoner (yrkeskvalifikasjonsloven)

LOV-1999-07-02-64 Lov om helsepersonell m.v. (helsepersonelloven)

FOR-1997-02-28-153 Forskrift om kringkasting og audiovisuelle bestillingstjenester mv. (kringkastingsforskriften)

NRK-plakaten (<https://info.nrk.no/vedtekter/>)

Lúxemborg

Lagasafn: <https://legilux.public.lu/>

Loi du 24 février 1984 sur le régime des langues

Règlement grand-ducal du 11 août 2011 fixant le plan d'études pour les quatre cycles de l'enseignement fondamental

Loi du 27 juin 2018 ayant pour objet l'organisation de l'Université du Luxembourg

Code de la consommation

Règlement grand-ducal du 25 août 2015 concernant l'information des consommateurs sur les denrées alimentaires, les allégations nutritionnelles et de santé ainsi que le marquage du numéro de lot

Loi du 26 mars 1992 sur l'exercice et la revalorisation de certaines professions de santé

Portugal

Lagasafn: <https://diariodarepublica.pt/dr/home>

Decreto-Lei n.º 4/2015 Código do Procedimento Administrativo

Lei n.º 41/2013 Código de Processo Civil

Decreto Legislativo Regional n.º 22/2012/A Regulamento de Concurso do Pessoal Docente da Educação Pré-Escolar e Ensinos Básico e Secundário

Lei n.º 46/86 Lei de Bases do Sistema Educativo

Lei n.º 62/2007 Regime jurídico das instituições de ensino superior

Lei n.º 24/96 Regime aplicável à defesa dos consumidores

Decreto-Lei n.º 10/2015 Regime Jurídico de acesso e exercício de atividades de comércio, serviços e restauração

Decreto-Lei n.º 330/90 Código da Publicidade

Decreto-Lei n.º 26/2016 Execução e cumprimento das obrigações decorrentes do Regulamento (UE) n.º 1169/2011, do Parlamento Europeu e do Conselho, de 25 de outubro de 2011, e do

Regulamento de Execução (UE) n.º 1337/2013, da Comissão, de 13 de dezembro, e transposição da Diretiva n.º 2011/91/UE, do Parlamento Europeu e do Conselho, de 13 de dezembro

Lei n.º 9/2009 Transpõe para a ordem jurídica interna a Directiva n.º 2005/36/CE, do Parlamento e do Conselho, de 7 de Setembro, relativa ao reconhecimento das qualificações profissionais

Decreto-Lei n.º 126/2009 transpõe para a ordem jurídica interna a Directiva n.º 2003/59/CE, do Parlamento Europeu e do Conselho, de 15 de Julho, relativa à qualificação inicial e à formação contínua dos motoristas de determinados veículos rodoviários afectos ao transporte de mercadorias e de passageiros

Lei n.º 6/2013 Aprova os regimes jurídicos de acesso e exercício da profissão de motorista de táxi e de certificação das respetivas entidades formadoras

Lei n.º 27/2007 Lei da televisão

Lei n.º 54/2010 Lei da Rádio

Spánn

Lagasafn: <https://www.boe.es/buscar/>

Ley 1/1998, de 7 de enero, de Política Lingüística

Ley 10/1982, de 24 de noviembre, básica de

normalización del uso del Euskera

Ley 3/1983, de 15 de junio, de normalización lingüística

Ley 39/2015, de 1 de octubre, del Procedimiento

- Administrativo Común de las Administraciones Públicas
- Ley 29/2005, de 29 de diciembre, de Publicidad y Comunicación Institucional
- Ley Orgánica 2/2006, de 3 de mayo, de Educación
- Real Decreto 276/2007, de 23 de febrero, por el que se aprueba el Reglamento de ingreso, accesos y adquisición de nuevas especialidades en los cuerpos docentes a que se refiere la Ley Orgánica 2/2006, de 3 de mayo, de Educación, y se regula el régimen transitorio de ingreso a que se refiere la disposición transitoria decimoséptima de la citada ley
- Ley Orgánica 2/2023, de 22 de marzo, del Sistema Universitario
- Real Decreto Legislativo 6/2015, de 30 de octubre, por el que se aprueba el texto refundido de la Ley sobre Tráfico, Circulación de Vehículos a Motor y Seguridad Vial
- Real Decreto Legislativo 1/2007, de 16 de noviembre, por el que se aprueba el texto refundido de la Ley General para la Defensa de los Consumidores y Usuarios y otras leyes complementarias
- Real Decreto 1334/1999, de 31 de julio, por el que se aprueba la Norma general de etiquetado, presentación y publicidad de los productos alimenticios
- Real Decreto 581/2017, de 9 de junio, por el que se incorpora al ordenamiento jurídico español la Directiva 2013/55/UE del Parlamento Europeo y del Consejo, de 20 de noviembre de 2013, por la que se modifica la Directiva 2005/36/CE relativa al reconocimiento de cualificaciones profesionales y el Reglamento (UE) n.º 1024/2012 relativo a la cooperación administrativa a través del Sistema de Información del Mercado Interior (Reglamento IMI)
- Ley 19/2003, de 4 de julio, del Taxi
- Ley 17/2006, de 5 de junio, de la radio y la televisión de titularidad estatal

Sviss

- Lagasafn: <https://www.fedlex.admin.ch>
- Bundesgesetz über die Landessprachen und die Verständigung zwischen den Sprachgemeinschaften (Sprachengesetz, SpG)
- Bundesgesetz über die Förderung der Hochschulen und die Koordination im schweizerischen Hochschulbereich (Hochschulförderungs- und -koordinationsgesetz, HFKG)
- Lebensmittel- und Gebrauchsgegenständeverordnung (LGV)
- Bundesgesetz über die Gesundheitsberufe (Gesundheitsberufegesetz, GesBG)
- Verordnung über die Zulassung von Fahrzeugführern und Fahrzeugführerinnen zum Personen- und Gütertransport auf der Strasse (Chauffeurzulassungsverordnung, CZV)
- Bundesgesetz über Radio und Fernsehen (RTVG)

Svíþjóð

- Lagasafn: www.riksdagen.se
- Språklag (2009:600)
- Skollag (2010:800)
- Högskolelag (1992:1434)
- Högskoleförordning (1993:100)
- Marknadsföringslag (2008:486)
- Patientsäkerhetsförordning (2010:1369)
- Radio- och tv-lag (2010:696)

Þýskaland:

Lagasafn: <https://www.gesetze-im-internet.de/>

Verwaltungsverfahrensgesetz (VwVfG)

Gerichtsverfassungsgesetz (GVG)

Gesetz über die Bereitstellung von Produkten auf dem
Markt (Produktsicherheitsgesetz - ProdSG)

Gesetz gegen den unlauteren Wettbewerb (UWG)

Verordnung zur Durchführung unionsrechtlicher
Vorschriften betreffend die Information der
Verbraucher über Lebensmittel (Lebens-
mittelinformations-Durchführungsverordnung
- LMIDV)

Ausbildungs- und Prüfungsverordnung für die
Pflegerberufe (Pflegerberufe-Ausbildungs- und
-Prüfungsverordnung - PflAPrV)

Personenbeförderungsgesetz (PBefG)



Þórunn Anna Árnadóttir

„Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku“

Ákvæðið um að auglýsingar eigi að vera á íslensku hefur verið í lögum um viðskiptahætti og markaðssetningu frá því að Neytendastofa var stofnuð árið 2005. Ákvæðið er óbreytt frá því sem það var í Samkeppnislögum frá 1993 en þar áður var sambærilegt ákvæði í reglugerð um auglýsingar í útvarpi. Þó að hugtakið auglýsingar sé ekki skilgreint í lögum um viðskiptahætti og markaðssetningu þá hefur það verið túlkað með þeim hætti að það taki til markaðsefnis í öllum fjölmiðlum, umhverfismerkinga, merkinga á sölustað, vefsíðna auk umfjallana og færslna á samfélagsmiðlum. Það er því ansi margt sem fellur þarna undir.

Í gegnum tíðina hefur Neytendastofu gengið vel að fá fyrirtæki til að fara eftir ákvæðinu. Þegar það hafa komið upp tilvik þar sem auglýsingar eða annað kynningarefni er ekki á íslensku eða með íslenskum texta voru yfirleitt gerðar breytingar við fyrsta bréf og þurfti stofnunin því ekki að grípa til íþyngjandi úrræða. Sem dæmi um mál sem hafa komið upp má nefna auglýsingaskilti víða um miðbæ Reykjavíkur á ensku, merkingar í verslunum á ensku, auglýsingar á vefborðum og að það hafi vantað íslenskan texta í sjónvarpsauglýsingar. Málin voru flest tekin til meðferðar vegna ábendinga frá neytendum sem hafa alltaf verið mjög meðvitaðir um þetta ákvæði.

Síðustu ár hefur Neytendastofa aftur á móti greint nokkra breytingu á því hversu algengt er orðið að enska sé notuð í auglýsingum án þess að þær séu einnig á íslensku. Það virðast vera ýmsar ástæður fyrir því en markaðssetning að erlendri fyrirmynd hefur rutt sér til rúms hérlendis svo sem útsöludagar eins og Black Friday, Cyber Monday og Singles Day. Auk þess hefur ferðamönnum fjölgað sem hefur gert það að verkum að fyrirtæki nota nú oft en áður eingöngu ensku til að höfða til þeirra. Í þeim tilvikum hefur stofnunin fengið að heyra þau rök að ferðamenn séu markhópur fyrirtækjanna og því séu auglýsingarnar einungis á ensku. Á þessum stöðum eru einnig Íslendingar sem kaupa vörur og nýta sér þjónustu og í ljósi þess að Neytendastofa hefur túlkað ákvæðið vítt um hvað telst beinast að íslenskum neytendum þurfa auglýsingar þá líka að vera á íslensku.

Það urðu miklar breytingar á þessu eftirliti Neytendastofu í nóvember 2023 þegar Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra og Neytendastofa undirrituðu viljayfirlýsingu um að ráðist yrði í átaksverkefni sem miðaði að því að auka vitund fyrirtækja og almennings um íslenskuákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Þessi viljayfirlýsing leiddi til þess að Neytendastofa hóf að forgangsráða málunum fram yfir önnur mál og sú forgangsröðun hefur að nokkru leyti haldist. Samhliða því voru neytendur hvattir til að senda stofnuninni ábendingar um auglýsingar þar sem ekki væri notuð íslenska. Viðbrögð hafa verið mjög jákvæð og augljóst að þetta málefni skiptir neytendum verulegu máli. Strax á fyrstu vikum eftir undirritunina skiptu ábendingarnar tugum og hafa haldið áfram að berast í mun meira mæli en var áður. Frá þessari breyttu forgangsröðun hefur Neytendastofa sent um 120 fyrirtækjum bréf þar sem gerð er grein fyrir lagaumhverfinu og fyrirtækin hvött til að breyta markaðssetningu sinni.

Það eru ákvæði fleiri laga sem Neytendastofa hefur eftirlit með sem gera svipaðar kröfur og hér eru gerðar. Þannig er í lögum um neytendasamninga, sem gilda t.d. við viðskipti á netinu, kveðið á um að upplýsingar og skilmálar skuli vera á íslensku ef markaðssókn fer fram hér á landi. Á grundvelli breyttrar forgangsröðunar hefur stofnunin nú þegar lokið einni vefsíðuskoðun þar sem áhersla var lögð á bæði íslenskuákvæðin og önnur er á frumstigi.

Þessu til viðbótar er í lögum fjallað um að upplýsingar eiga að vera á skýru og skiljanlegu máli þannig að í þeim tilvikum getur stofnunin gert athugasemdir ef skilmálar eru illa orðaðir. Á þeim grundvelli eru dæmi um að hún hafi gert athugasemdir við augljóslega vélpýdda skilmála þar sem efnisinnihald þeirra skilaði sér ekki og var illskiljanlegt.

Nú stendur til í nýju frumvarpi til markaðssetningarlaganna að gera breytingu á ákvæðinu um að auglýsingar skuli vera á íslensku til að skerpa á skyldunni. Er þetta partur af þeirri viðleitni til að auka vægi og sýnileika íslenskunnar. Orðalag ákvæðisins í frumvarpinu er svohljóðandi:

Meginregla um íslensku.

Auglýsingar skulu vera á íslensku. Þó er heimilt að auglýsing sé eingöngu á öðru tungumáli en íslensku ef hún beinist aðeins að erlendum neytendum.

Með breytingunni er það gert að meginreglu og afdráttarlaust tekið fram að auglýsingar skuli vera á íslensku. Þá er einnig meiri umfjöllun í greinargerð og lögskýringargögnum um ákvæðið og beitingu þess þar sem m.a. er tekið fram að undanþáguna í 2. ml. skuli skýra þröngt auk þess sem tekin eru dæmi um hvenær það geti átt við.

Neytendastofa fagnar því að það eigi að skerpa á ákvæðinu og að nánari leiðbeiningar séu settar um beitingu þess þrátt fyrir að það hafi ekki oft komið upp vandamál hingað til varðandi túlkun á ákvæðinu. Neytendastofa telur einnig jákvætt að ennþá séu til staðar úrræði til að bregðast við ef fyrirtæki auglýsa ekki á íslensku. Hefur það sýnt sig núna í seinni tíð að nauðsynlegt getur verið að grípa til aðgerða og jafnvel sekta bregðist fyrirtæki ekki við sbr. þær ákvarðanir sem stofnunin hefur nú þegar tekið.



Rannveig Sverrisdóttir

Tvær málnefndir: Íslenskt táknmál og stjórnsýslan

Í júní árið 2011 tóku gildi lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.¹ Í lögum er tilgreint að íslenska, íslensk tunga, sé opinbert mál á Íslandi, þjóðtunga Íslendinga og sameiginlegt mál landsmanna. Lögin, sem eru þau fyrstu um opinbert mál á Íslandi, ná einnig yfir annað tungumál, íslenskt táknmál. Íslenskt táknmál (ÍTM) er eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi og eina tungumálið sem á sér lagalega stöðu hérlandis við hlið íslenskrar tungu. ÍTM er þó ekki opinbert mál eða þjóðtunga í sama skilningi og íslensk tunga. Í lögum segir að ÍTM sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta sem og barna þeirra og jafnframt að stjórnvöld skulu hlúa að málinu og styðja. Þá er í lögum fjallað um rétt til náms og notkunar, að hver sá sem hafi þörf fyrir táknmál skuli eiga þess kost að læra það og nota.

Síðar í þessum sömu lögum er fjallað um tvær málnefndir, íslenska málnefnd og málnefnd um íslenskt táknmál. Árið 2011, þegar lögin voru samþykkt, hafði Íslensk málnefnd verið starfandi í fjölda ára, Málnefnd um íslenskt táknmál var hins vegar stofnuð í kjölfar þessarar lagasetningar.

Það sem segir í lögum um hlutverk málnefndanna er að einhverju leyti sambærilegt, hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli, Málnefnd um íslenskt táknmál á að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um

hvað eina er varðar íslenskt táknmál. Í lögum er hlutverk Íslenskrar málnefndar mun víðtækara eða betur skilgreint en hlutverk Málnefndar um íslenskt táknmál sem kannski skýrist af því að þegar var komin reynsla á starf Íslenskrar málnefndar en Málnefnd um íslenskt táknmál var ný af nálinni.

Málsamfélög íslensku og íslensks táknmáls eiga það sammerkt að vera lítil málsamfélög og mæta í því samhengi svipuðum áskorunum. Í báðum samfélögum er rætt um viðhorf til málsins, mögulegar breytingar á málinu (til góðs eða ills), skort á námsefni, ágangi nágrannamála, fækkun umdæma og smæð málsamfélagsins svo eitthvað sé nefnt. Ég á því oft auðvelt með að taka dæmi úr íslensku málsamfélagi þegar ég kenni nemendum mínum um stöðu íslenska táknmálsins, hver þekkir ekki til stols og þjóðararfs þegar íslenskan er nefnd, að með varðveislu hennar varðveitum við menningu okkar og sjálfsmynd og efling íslenskrar tungu sé verkefni okkar allra. Hvernig enskan tekur völdin og íslenskan tapar á tungumálavígveillinum, ekki síst á meðal unga fólksins. Þetta skilja nemendur mínir, íslenskan stendur þeim flestum nærri. Íslenskir táknmálshafar eru líka stoltir af sínu máli, íslensku táknmáli, það er hluti af sjálfsmynd þeirra og menningu. Þeir óttast líka breytingar sem leiða af sér fækkun umdæma eða birtast í ágangi íslenskunnar, rætt er um viðhorf og útrýmingarhættu málsins, skort á alls konar efni, námsefni, menningarefni, sjónvarpsefni svo eitthvað

1. Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011, 7. júní.

sé nefnt. Íslenskt táknmál er hins vegar ekki þjóðtunga heldur minnihlutamál og þó sumt sé líkt er staða ÍTM langt frá því að vera sú sama og staða íslensku.

Íslenskt táknmál er fyrsta mál um 200–300 Íslendinga. Fæstir læra táknmálið af foreldrum sínum þar sem óalgenget er að heyrnarleysi erfist frá foreldri til barns. Aðeins 5–10% döf barna eiga döf og þar með táknmálstalandi foreldra og alast upp við samskipti á táknmáli frá fæðingu. Annar hópur sem fær oftast táknmál frá fæðingu eru heyrandi börn heyrnarlausra foreldra sem í dag tala í táknmál, sitt fyrsta mál, við börnin sín – en hafa ekki alltaf gert það. Svo þó að máltaka íslensks táknmáls og íslensku sé í eðli sínu eins þá er það algengara að táknmál lærist af jafningjum eða í skólum en af foreldrum og þá um leið að máltakan hefjist seint eða síðar. ÍTM er minnihlutamál í íslensku samfélagi, var um árabíl bannað eins og táknmál víða um heim og ekki litið á það sem mál. Það á sér hins vegar ekkert annað „heimaland“ og ekki hægt að leita út fyrir landsteinana að bókum eða efni á málinu eins og gildir um tungumál innflytjenda sem hér búa. ÍTM hefur ekki ritmál frekar en önnur táknmál en það hefur svo sannarlega allt það sem einkennir lifandi tungumál. Á því er hægt að tala um allt, skapa, búa til ný orð, rífast, blóta, semja ljóð og jafnvel rappa. En hugmyndir fólks um táknmál eru því miður oft og tíðum neikvæðar og til þess fallnar að grafa undan tilvist málsins. Nýlega birt rannsókn undirritaðrar og Valgerðar Stefánsdóttur, formanns Málnefndar um íslenskt táknmál, sýnir svo ekki verður um villst að neikvæð hugmyndafræði gagnvart íslensku táknmáli er algeng í skólakerfinu hérlendis. Við eigum svo sannarlega lög sem viðurkenna ÍTM sem mál á Íslandi, aðalnámskrá grunnskóla sem hefur frá árinu 1999 innifalið táknmálið og á síðasta ári samþykkti Alþingi þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls og aðgerðaáætlun til þriggja ára. En raunveruleiki táknmálsfólks er annar og viðmælendur í rannsókninni lýsa því hvernig þeir þurfa stöðugt að rökstyðja, minna á, fræða og útskýra íslenskt táknmál – en því miður, oft að láta í minni pokann fyrir kerfi sem lítur ekki á annað málið í lögunum frá 2011 sem tungumál.

Á þessu ber líka á öðrum vettvangi, opinberum eða ekki. Alltof oft er horft í kostnað sem hlýst af því að hafa efni eða viðburði líka á táknmáli en sjaldnar litið á það sem tapast þegar barn fær ekki málumhverfi og þar með tækifæri til þroska, þegar umdæmi málsins tapast eða menning líður fyrir fáfræðina.

Rifjum aðeins upp ályktun um stöðu íslenskrar tungu sem birtist og var kynnt hér í dag (á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar). Þar er fjallað um regluverk íslensku, stöðu og horfur og aðgerðir til úrbóta. Málnefnd um íslenskt táknmál gæti tekið undir margt í þeirri ályktun og yfirfært á íslenskt táknmál. Íslenskt táknmál er vissulega viðurkennt með lögum en margt er óljóst í lagatextanum frá 2011 og túlkunaratriði hverju sinni. Og eins og Íslensk málnefnd bendir á hefur mikið vatn runnið til sjávar frá gildistöku laganna. Málnefnd um ÍTM hefur, líkt og Íslensk málnefnd, sent ábendingar þegar hún telur að lögunum sé ekki framfylgt en deilir því miður þeirri reynslu systurnefndarinnar að fátt er um svör. Þó táknmálsbannið sé löngu liðin tíð þá gleymist íslenskt táknmál enn í stefnum, skjölum og yfirlýsingum, 14 árum eftir að Alþingi samþykkti lögin. Þingsályktun um málstefnu ÍTM var samþykkt fyrir einu og hálfu ári en eftirfylgni með aðgerðum vantar. Upplýsingar í almannarými eru næstum aldrei á ÍTM og sjaldan á vefsíðum. Þá er algengt að upplýsingar frá stjórnvöldum eða opinberum stofnunum vanti á ÍTM en eru þó þýddar á ensku og stundum pólsku. Líkt og Íslensk málnefnd bendir á hafa málnefndirnar takmörkuð úrræði þegar ekki er brugðist við ábendingum.

Málnefnd um íslenskt táknmál tekur undir með Íslenskri málnefnd að lögin frá 2011 þarfnist endurskoðunar. Það er hins vegar ljóst – og skal hér ítrekað – að lagasetning er ekki nóg. Það sem skiptir mestu máli fyrir íslenskt táknmál og málsamfélagið er að hugmyndafræði í garð þess breytist og þekking um málið aukist þannig að ekki þurfi alltaf að minna á. Ef við ætlum að standa við lögin og réttinn til táknmála er vitundarvakningar þörf.

Hinn 23. september ár hvert er alþjóðadagur táknmála. Honum var fagnað hér á landi í fyrradag eins og víða um heim. Dagurinn er hluti af

alþjóðaviku táknaðsfólks eða döff sem haldin er í september á hverju ári. Í ár var þema táknaðsdagsins „engin mannréttindi án táknaðsréttinda“ eða kannski frekar „táknaðsréttindi eru órjúfanlegur hluti mannréttinda“. Þar er minnt á að öll eigum við meðfæddan rétt til mannréttinda. Fyrir döff eða táknaðsfólk er rétturinn til táknaðs

grundvallaratriði til að njóta mannréttinda að fullu. Til að það megi nást verðum við öll – og stjórnvöldin – ekki síst – að muna eftir íslensku táknaði.



Bragi Valdimar Skúlason

Frábær upplifun!

Ég var ungur tekinn til handagagns á auglýsingastofu hér í borginni. Þjóðnýttur af markaðsöflunum og kunni auðvitað strax ljómandi vel við mig. Enda sérlegur áhugamaður um það af hverju fólk hagar sér í 90% tilvika eins og kindur. Og eitt lærði ég mjög snemma. Þar var sko ekkert verið að djóka með tungumálið.

Nei. Ef þú ætlar að ráða þig á einhverja svona markaðsdrifna skútu er eins gott að þú sért með handbók um málfræði á hraðbergi og orðsifjabókina undir koddanum. Þú skalt sko kunna muninn á bilstriki og þankastriki. Hálfbili og heilbili – og vei þér ef þú setur afslátt í fleirtölu eða aulast til að setja punkt á eftir grammi í innihaldslýsingu á nýjasta prótíndrykknum.

Á auglýsingastofum leynast nefnilega helstu útverðir íslenskunnar. Smásmugulegir prófarkafíklar sem spotta innsláttarvillur á lyfjaglösum á færi. Þetta er fólk sem kann til verka og berst fyrir lífi íslenskunnar á hverjum einasta degi. Berjandi á slettusæknum hönnuðum og markaðsfigúrum í litríkum sokkum sem halda að næsheit og dílar séu akkúrat það sem unga fólkið vilji helst heyra og muni selja þeim æsgæsisa og appelsínugula æfóna í bílförnum. Soldið eins og vitaverðir á stöðugu útkíkki eftir ambögum og orðskrípum í öllu flóðinu af tælandi gylliboðum og kitlandi afsláttarkjörum.

Við erum ekki bara að kjarna stórasannleik og meitla ódauðleg slagorð inn í heilabörkinn á þjóðinni.

Þetta snýst miklu meira um samræmi, smáatriði og hreinlega útlit orða. Hvernig þau sitja í stuttum setningum. Hvernig þau raðast saman. Hvernig þau hljóma. Allt á að vera stutt og knappt. Allt þarf að vera skýrt og lýsandi en rúmast samt á pínulitlum flötum eða í örstuttum útvarpsauglýsingum. Bara það að Nova segist vera stærsti skemmtistaður í heimi í hverri auglýsingu er rándýrt. Það tekur alveg þrjár sekúndur að segja þetta.

Stundum er þetta smá eins og að vinna með bundið mál. Því það er í raun ekki mikið svigrúm til að brjóta upp formið, ótrúlegt en satt.

Gallinn er sá að þetta er afskaplega fámenn stétt. Og má sín mögulega lítið í öllu flóðinu af alls konar sallerí – altsvo markaðsefni. Því það er svo sannarlega ekki allt efni gert inni á stofum í dag. Ónei. En getum svo sem ekki borið ábyrgð á óflokkuðu rusli sem sturtað er yfir okkur á hverjum degi.

En ég lofa ykkur, fólk er að reyna að vanda sig. Nota íslensku og leika sér með hana. En á því eru líka hömlur. Því auglýsendum er svo sannarlega ekki sama hvernig hlutirnir eru orðaðir.

Því þó að allt snúist þetta um að skera sig úr og vekja athygli, þá á fólk merkilega erfitt með undarleg, framandi orð og einkennilega orðaðar setningar. Fólk nefnilega vill einsleitni. Alveg sama hvað gildin hjá fyrirtækinu snúast mikið um eldmód og hugrekki og dirfsku.

Þetta er einhvers konar málfarsleg spéhræðsla, þú vilt ekki hljóma asnalega, gamaldags, eða guð forði okkur ... miðaldra. Það á allt vissulega að vera létt og skemmtilegt, skýrt og skapandi – en alls ekki of flippað.

Þú vilt nefnilega ekki styggja neytendur. Það þarf að meta vel hversu marga meðvitaða sóðavatnsdrekkingur þú stuðar ef þú kynjajafnar slagorðið þitt og breytir til að mynda í – *það sést hver drekka kristal*. Þú vilt höfða til allra en ekki bara einhverra vók villimannahjarðar.

Og þú vilt alls ekki nota orð sem fólk bara hreinlega skilur ekki. Þú vilt ekki að fína tilboðið þitt sé fáheyrt, fáséð eða einmuna – þú vilt bara að það sé einstakt. Og helst auðvitað frábært. En það sem einsleitnin skilar okkur er auðvitað orðapurrd, klisjur og kunnuglegir frasar.

Tökum sem dæmi fasteignaauglýsingar. Allar íbúðir eru bjartar og skemmtilegar. Með mikla möguleika auðvitað. Öll virðuleg fyrirtæki eru með traust að leiðarljósi. Og ánægja viðskiptavina skiptir þau öllu máli. Þau eru líka með hátt þjónustustig og þú getur að sjálfsögðu gert allt með appinu. Og svo er það auðvitað framtíðin hjá þeim sem er yfirleitt annaðhvort spennandi eða björt – ef hún er ekki hreinlega núna. Svo eru það atvinnuauglýsingarnar. Þar þarf starfsfólkið sem á að ráða allt að vera með ríka þjónustulund, það þarf að sýna lipurð í mannlegum samskiptum og helst auðvitað að vera leiðtogar með brennandi áhuga á vinnustaðnum.

Þessu þarf stöðugt að streitast á móti – annars verður allt á endanum frábær upplifun. Sem mögulega er æðsta markmið hvernar auglýsingar. Ég man enn þá eftir því þegar ég sá auglýsingu fyrir einhvern sjónvarpssófa sem átti einmitt að vera frábær upplifun. Og hefur sennilega verið það.

Ofan í allt þetta kemur svo blessuð enskan. Sem tekur stöðugt meira pláss allt í kringum okkur.

Stór hluti af því sem blasir við mér þegar ég opna símann minn er á ensku. Og hjá börnunum mínum er það í algerum meirihluta. Sem er óþolandi. Við eigum svokölluð lög sem segja skýrt og greinilega: „Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku.“ Þar stendur raunar líka „Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglunga og áhrifa á þau.“

Það væri ljómandi fint ef einhver myndi banka upp á hjá krökkunum hjá TikTok og YouTube og minnti þau á þetta. Já og í leiðinni mætti minna Netflix á að þau eiga að þýða allt efni á íslensku – ekki bara henda dönskum texta inn á barnaefnið.

Og svo er það gervigreindin. Elsku besta vitlíkið. Nú er hægt að puðra út óendanlegu magni af auglýsingum með íslenskum texta sem eru jú bara nokkuð sannfærandi. Fóðra okkur á einstökum tilboðum og frábærum upplifunum sem aldrei fyrr. Færslutextar spýtast út hjá ólíklegustu fyrirtækjum og ótrúlegustu markaðsstjórar og stjórnendur eru skyndilega orðnir afskaplega málgláðir á LinkedIn og dreifa boðskap um árangur og uppgang fyrirtækja sinna í fagurmótuduðum, hæfilega stuttum færslutextum. Sem allir innihalda, merkilegt nokk, hóflegt magn af tjáknum og brjóta efnið niður í hnitaðar málsgreinar sem kjarna málið. Ekki of flippað, ekki of langt. En allt auðvitað eins.

Það góða við þessa þróun er auðvitað að það er ekkert verið að flækja hlutina. Við erum smám saman að einfalda skilaboðin, slípa og skera niður. Burt með fituna og froðuna. Komast að kjarnanum. Þannig að það eina sem stendur eftir verði þessi tvö orð: Frábær upplifun. Og svo jafnvel haganlega hannaður hnappur, með snyrtilegu lettri sem fylgir: Kaupa núna!



Magnea J. Matthíasdóttir

Þegar lamb verður geit

Yfirskriftin á erindinu mínu kemur úr sjónvarps-auglýsingu sem ég sá hvað eftir annað og alltof oft síðasta sumar og fór skelfilega mikið í taugarnar á mér. Hún var vissulega ekki löng, varla meira en svipmynd af glaðbeittum grillmeistara sem fræddi áhorfendur á því að kótilettur í suðrænni kryddblöndu væru „geitin í lambaleiknum“. Látum vera þetta með suðrænu kryddblönduna – menn segja svo margt skrítið í auglýsingum – en hvað átti hann við með þessari geit? Af samhenginu mátti helst ráða að þetta væri jákvæð lýsing á lambakótilettunum því grillarinn vildi greinilega koma því lostæti á hvers manns disk. Var hann að líkja íslenskum heiðalömbum við fjallageitur eða voru landar mínir skyndilega orðnir svo sólgnir í geitakjöt að kótilettur voru sérstaklega kryddaðar til að líkja eftir því? Hvernig hafði geitin orðið slíkur forystusauður á íslenska sumargrillinu?

Ég þurfti svo sem ekki að velta því sérlega lengi fyrir mér því svarið var augljóst: grillmeistarinn eða hver sá sem lagði honum orð í munn hafði fallið í algenga gryfju óreyndra þýðenda og þýtt ameríska skammstöfun orðrétt og án þess að velta fyrir sér merkingunni sem færi forgörðum við þá þýðingu. Skammstöfunin G.O.A.T. er algeng á samfélagsmiðlum, eins og þið sjálfsgagt vitið, og stendur fyrir „greatest of all times“ en íslenska orðið „geit“ merkir í rauninni bara „geit“. Eða hvað?

Ég ákvað að spyrja gervigreindina sem allt veit og allt kann hvað það merkti að vera „geitin í lambaleiknum“. Hún sagði mér – á dálítið bjagaðri íslensku – að þetta væri ekki algengur málsháttur en hugsanlega væri þarna á ferðinni „bókmenntalegur eða trúarlegur bakgrunnur“, eins og hún orðaði það, þar sem lambið táknaði „sakleysi eða fórn“ en geitin synd eða þá sem eru „skildir frá“; geitin væri þá eitthvað sem spillti máltíðinni. Þannig er grillveislan orðin að eins konar sakramenti og við ættum almennt að vísa suðrænt krydduðu kótilettunum – það er að segja geitinni – frá okkur ef við vildum vera hólpín.

Jæja, þetta síðasta um sakramentið og hjálpraðið er kannski dálítill oftúlkun mín á orðum ChatGTP og annarra gervigreindarforrita sem ég leitaði til um skýringar en bottarnir voru allir sammála um að g-o-a-t merkti geit á íslensku og vildu ekki kannast við neitt annað. Líklega er þá best að venjast því strax og fleiri þýðingum af þessu tagi því mér skilst að gervigreindin sé alveg í þann mund að gera þýðendur óþarfa. Og hugsuðu ykkur bara hagræðið! Og hvað við spörum mikið á því!

Nú eru það í sjálfu sér ekki nýir spádómar að þýðendur verði bráðum óþarfir og fullyrðingar um að vélar muni leysa þá af hólmi ná aftur til 1954, ef ekki lengur. Í janúar á því ári var haldin opinber sýning á því sem hefur verið kallað „fyrsta vélþýðingin“ þegar 49 vandlega valdar setningar á rússnesku voru

þýddar yfir á ensku. Orðin voru alls 250, snerust um efnafræði og það fór ekki milli mála að þýðingavélin skilaði skammlausum þýðingum. Og hér væri sagan á enda ef við þyrftum aldrei að þýða neitt nema efnafræðiformúlur af rússnesku yfir á ensku. Í reynd var þetta stutt kaflabrot í þróunarsögu þýðingavéla því á þeim 70 árum sem liðin eru frá þessari kynningu hafa alls konar og misgóðar þýðingavélar komið á markaðinn. Nokkurn veginn allar hafa átt það sameiginlegt að boða „dauða þýðandans“, ef svo má segja, gera hann óþarfan – en hafa þess í stað bæst í safn hjálpartækja þýðenda og komið að ágætum notum, einkum í nytjaþýðingum.

Ég ætla ekki að rekja fyrir ykkur sögu og þróun þýðingavéla en læt nægja að fullyrða að fram að þessu hefur þeim ekki tekist að útrýma þýðendum fyrir fullt og allt. Þótt það hafi löngum verið á almannavitorði að „allir geti þýtt“ hefur ekki enn tekist að snúa við hörmungunum sem urðu þegar Babelsturninn hrundi í árdaga og Drottinn allsherjar ruglaði tungumál allrar jarðarinnar, tvístraði mannkyninu og sá til þess „að enginn [skildi] annars mál“. Sú saga hefur löngum verið kölluð sköpunarsaga þýðenda en með gervigreindinni virðist mannkynið ætla að snúa vörn í sókn, því hún ku skilja öll tungumál og geta þýtt allt sem er sagt og skrifað á hvaða máli sem er yfir á hvað mál sem vera skal. Það er samt ekki nema brot af öllu því sem hún getur afrekað: gervigreindin er allt að því almáttug og alls staðar nálæg! Það er ekki að undra að viðskiptalífið og menntakerfið og opinberar stofnanir hafi tekið henni opnum örmum og hyggist innleiða hana í sínum störfum. Markmið þess metnaðarfulla framtaks er ekki bara að gera þýðendur óþarfa heldur líka fjölmargar aðrar stéttir.

Ég er bókmenntaþýðandi og hef í sjálfu sér ekki miklar áhyggjur af því að gervigreindarþýðingar yfirtaki allan þann markað og svipti mig og kollega mína vinnunni eða að minnsta kosti ekki eins og málin standa. Í vor var að vísu sagt frá því í fréttum að Storytel ætlaði að láta vélþýða allar bækur en láta svo „faglegan þýðanda“ og „faglegan prófarkalesara“, eins og þau orðuðu það, fara yfir textann. Tilgangurinn með þessu verklagi var, að sögn Storytel, að „léttu byrði þýðenda svo þeir gætu einbeitt sér að skapandi þáttum“. Hverjir þeir „skapandi þættir“ eru kom ekki

fram en ég get lofað ykkur því að þá er ekki að finna í yfirferð vélþýddra texta og prófarkalestri á þeim. Mín reynsla er sú að slíkur yfirlestur er bæði tímafreakari og erfiðari en að þýða textann sjálf frá grunni. Þegar upp er staðið gæti þetta verklag líka reynst útgefandanum dýrara en fyrra ferli og svo kann vel að vera að lesendur eða hlustendur verði ósáttir við útkomuna og sniðgangi önnur verk af sama tagi eða jafnvel allt sem fyrirtækið sendir frá sér. Lesendur bóka, hvort sem það eru fagurbókmenntir eða reyfarar, gera nefnilega meiri kröfur til bókmenntatexta en matseðla á skyndibitastað.

Ég hef öllu meiri áhyggjur af öðrum þýðingum sem eru allt í kringum okkur í daglegu lífi þar sem gervigreindin er strax byrjuð að leysa af hólmi þýðendur af holdi og blóði og raunar af öðrum tilvikum þar sem hún svarar spurningum okkar greiðlega með tómri vitleysu. Vélþýddir skjátextar í vinsælum hámhorfsseríum eru iðulega vægast sagt stórundarlegir og gefa villandi hugmyndir um orðaskipti persóna en kenna áhorfendum um leið alls konar málblóm sem kunna að festast í málinu og sama má segja um vélþýddar fréttir og greinar á fréttamiðlum. Barnaniðingar verða „barnafilar“, grínistar eru „teknir úr loftinu“ og „MAGA klínir á að gera alvarlega skaðaminnkun“ svo nýleg dæmi séu tekin en þau eru mýmörg.

Um daginn mátti svo lesa í Morgunblaðinu dæmi um rangar upplýsingar sem hljóta að koma frá gervigreindarforriti en þar voru sitjandi ráðherrar að segja okkur frá uppáhalds barnabókunum sínum. Eftir dálítið fjaðrafok á samfélagsmiðlum var fréttin leiðrétt en í upphaflegu útgáfunni voru þýddar bækur eignaðar öðrum þýðendum en þeim rétta og frumsamdar bækur voru sagðar hafa komið út áður en höfundur þeirra fæddist. Gervigreindin lýgur en ofurtrú notenda á henni gerir það að verkum að þeir leitast ekki einu sinni við að fá staðfestingu á upplýsingunum sem hún miðlar þeim.

Ég hef mestar áhyggjur af krökkunum okkar og hvað það læra af þessu öllu saman áður en bólan springur og gervigreindargljáan fer úr augum okkar. Þá hafa þau til dæmis vanist á að hafa í höndunum tæki sem getur ekki bara tekið saman stutt yfirlit um lesefnið þeirra í skólanum heldur líka skrifað um

Það ritgerð fyrir þau. Málvitund þeirra er enn að þroskast og heimsmynd þeirra er enn í mótun svo að þau gera sér ekki endilega grein fyrir villunum sem forritið setur inn fyrir þeirra hönd, hvort sem það eru málvillur eða staðreyndavillur. Gervigreindin býr ekki yfir neinni „greind“ heldur líkir eftir henni, hún er ekki alvitur alheimsandi heldur verkfæri sem getur flýtt fyrir og hjálpað mönnum að leysa verkefni – en undir góðu eftirliti fólks sem veit betur, eða kann að minnsta kosti að fletta upp í öðrum gagnaböndum. Gervigreindin færir okkur ekki endilega sönn og rétt svör heldur ber á borð það svar sem algrímið metur líklegast við spurningunni úr gagnamagninu sem forritið moðar úr, alveg óháð því hvort svörin byggja á staðreyndum eða eru tóm ímyndun.

Ég hef sem sagt ekki áhyggjur af því að gervigreindin geri þýðendur óþarfa. Ég held þvert á móti að þegar gervigreindarvíman rennur af okkur verði þeir ennþá nauðsynlegri en áður til að bæta

fyrir alla vitleysuna og staga í allar gloppurnar sem sú tiltekna geit hefur valdið í lambaleiknum. Hluti af því gæti verið að þýða námsbækur yfir á íslensku, því það hlýtur að vera sjálfsagður réttur framhaldsskólanema að fá að læra öll fræði á eigin tungumáli þótt svo sé ekki í dag. Án þýðinga væri örtungan íslenska ekki til, eða að minnsta kosti ekki sem lifandi þjóðtunga. Ég legg til að áhugafólk um móðurmálið sjái til þess að það fjöregg verði ekki falið tölvuforritum heldur verði áfram í höndum þeirra sem kunna með það að fara. Við megum ekki spara fáeinar krónur með tölvuþýðingum á kostnað íslenskrar tungu og menningar.



Málfregnir vefrit

1. tölublað, 23. árgangur – nóvember 2025

Útgefandi: Íslensk málnefnd

Ritstjóri: Ágústa Þorbergsdóttir

Veffang: islenskan.is – vefur Íslenskrar málnefndar

ISSN : 1011-5889



ÍSLENSK MÁLNEFND